



Árnesi, 24. ágúst 2023
Mál númer: M202308-0077

Umsögn um Grænbók um skipulagsmál, mál nr. 145/2023.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar fyrir tækifæri til þess að senda inn umsögn er snýr að Grænbók um skipulagsmál.

Sveitarfélög á Íslandi þurfa að fá sömu tækifæri til að byggja upp búsetuskilyrði. Árið 1980 bjó u.þ.b. 33% íslensku þjóðarinnar á landsbyggðinni. Í dag, rúmlega 40 árum seinna býr u.þ.b. 20% íbúa á landsbyggðinni. Slík breyting á búsetu fólks er að stórum hluta til hægt að skrifa á versnandi búsetuskilyrði á landsbyggðinni.

Við undirbúning Grænbókar um skipulagsmál hefur innviðaráðuneytið staðið að margvíslegu samráði, þar á meðal við sveitarfélög. Gengið var út frá hugtakinu búsetufrelsi sem samnefnara allra stefna og áætlana ráðuneytisins og rætt um helstu áherslur þátttakenda til að ná markmiðum um búsetufrelsi og hvaða leiðir væru best til þess fallnar að ná forgangsmarkmiðum í átt að því. Í ríkisstjórnarsáttmálanum er kveðið á um að til að styðja við byggðapróun og valfrelsi í búsetu verði störf hjá ríkinu ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vill sérstaklega benda á þá staðreynd að til þess að hægt sé að vinna með hugtakið búsetufrelsi þá verði að tryggja sambærileg búsetuskilyrði í dreifbýlli sveitarfélögum um landið. Til þess að raunverulegt búsetufrelsi eigi sér stað um land allt þurfa innviðir og sú þjónusta sem er í boði fyrir íbúa að vera samkeppnishæf, að öðrum kosti velur fólk sér síður búsetu þar sem þjónusta og innviðir eru ekki til staðar. Nauðsynleg þjónusta eins og heilbrigðisþjónusta, löggæsla, samfella í skóla- og frístundastarfi, greiðar samgöngur allan ársins hring ásamt aðgengi að vinnuáðstöðu til að geta starfað í vinnuumhverfinu *störf án staðsetningar* þarf að vera til staðar. Uppbygging atvinnu með nýtingu staðbundinna auðlinda og náttúru þarf að vera á forræði sveitarfélaga. Ef þjónusta og innviðir eru ekki til staðar eru búsetuskilyrðin ekki samkeppnishæf og því ekki hægt að tala um búsetufrelsi.

Í umsögn sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps í máli nr. 64/2023 endurskoðun á regluverki jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er dregin fram sú staðreynd að rekstrarkostnaður sveitarfélaga í dreifbýli er mikið hærri en í þéttbýli. Þar er birt tafla sem sýnir kostnað tíu veigamestu málaflokkana í rekstri sveitarfélaga. Kostnaður Skeiða- og Gnúpverjahrepps er 57-59% hærri á hvern íbúa heldur en við höfuðstaðina Reykjavík og Akureyri. Þrátt fyrir það er sú þjónusta sem Skeiða- og Gnúpverjahreppur veitir íbúum sínum ekki samkeppnishæf á mörgum sviðum. Myndi sveitarfélagið veita sambærilega þjónustu og í höfuðstöðunum þá myndi kostnaður á hvern íbúa vera mun hærri. Allt tal um búsetufrelsi um land allt verður að byggjast á því að sveitarfélögin hafi getu til að byggja upp innviði og þjónustu sem gerir það að verkum að fólk kjósi að búa í sveitarfélögum á landsbyggðinni. Þannig byggjum við upp búsetufrelsi.

Skipulagsvald sveitarfélaga er grunnurinn að því að þróa sveitarfélög til framtíðar. Í gegnum aðalskipulag sveitarfélaga eru teknar stefnumótandi ákvarðanir um þróun byggðar, hvernig beri að nýta þau staðbundnu gæði og auðlindir íbúum sveitarfélagsins og almennings alls á sem bestan máta. Lýðræðislega kosin sveitarstjórn ber þar mikla ábyrgð gagnart sínum íbúum og hvernig samfélagið getur þróast til framtíðar. Mikilvægt er að sveitarfélög hafi ávallt skipulagsvald sitt í öllum málefnum. Ekki á að vera heimilt að þvinga framkvæmdir uppá sveitarfélög sem telja þær ekki þjóna hagsmunum nærsamfélagsins. Í lögum nr. 48/2011 lög um verndar- og orkunýtingaráætlun kemur fram í 7.gr. að



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

sveitarstjórnir skulu samræma gildandi svæðis-, aðal-, og deiliskipulagsáætlanir verndar og orkunýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Með þessari grein hefur skipulagsvaldið verið tekið af sveitarfélögunum í virkjunum sem eru yfir 10MW að stærð. Slík svipting á skipulagsvaldi sveitarfélaga í framkvæmdum sem geta haft gríðarleg áhrif í nærumhverfi sveitarfélagsins er ekki ásættanleg, sveitarfélagið verður að hafa endanlega ákvörðunarvaldið í öllum framkvæmdum innan þeirra skipulagssvæða. Sérstaklega er það mikilvægt vegna þeirra staðreynda sem koma fram í umsögn sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps í máli nr. 119/2023 starfshópur um skattlagningu orkuvinnslu. Þar er ítarlega farið í gegnum það og rökstutt að sveitarfélagið nýtur ekki ávinnings af þeirri orkuvinnslu sem á sér stað í sveitarfélaginu, ber í sumum tilfellum fjárhagslegt tjón af starfsseminni. Sú staðreynd hefur orskað stöðnun í sveitarfélaginu í áratugi og er það mat sveitarstjórnar að slíkt ósanngirni í lagaumhverfi orkuvinnslu gangi ekki upp.

Einnig verður að horfa til þeirra umræðu þegar kemur að ábyrgri nýtingu náttúru til uppbyggingar ferðaþjónustu. Virða verður möguleika sveitarfélaga til að skipulegga og byggja upp ferðaþjónustu á ábyrgan hátt í sínu nærumhverfi til uppbyggingar staðbundinnar atvinnu, því samfélög byggjast upp í kringum verðmætasköpun og atvinnu. Búsetufrelsi verður til þar sem atvinna er til staðar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun skila ítarlegri umsögn um málið þegar áætluð Hvítbók fer í samráðsgátt í framhaldi af vinnslu Grænbókar sem nú er til umsagnar.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

24. ágúst 2023

Haraldur Þór Jónsson

Oddviti / sveitarstjóri

Undirritunarsíða

Haraldur Þór Jónsson